



Úttekt á starfsemi
Menntaskólans að Laugarvatni
unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið:

Viðbrögð við tillögum til úrbóta og
athugasemdum ásamt tímasettri
áætlun um úrbætur.

október, 2013
Halldór Páll Halldórsson, skólameistari
Páll M. Skúlason, aðstoðarskólameistari

Viðbrögð við tillögum til úrbóta og tímasett áætlun um úrbætur, þar sem um slíkt er að ræða.

Viðbrögðin eru í tvennu lagi:

-Til að bregðst við tillögum skýrsluhöfunda í 12 liðum, að því sem betur má fara í starfsemi skólans, sem er að finna á bls. 56 í skýrslunni (A).

- Til að bregðast ýmsum ábendingum og tillögum sem er að finna í lok hvers kafla (B).

A. Úttektarskýrsla á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni - kafla 10.3 - Tillögur að aðgerðum til úrbóta og áætlun um úrbætur.

Tillögur úttektaraðila:	1. Lokið verði við endurskoðun stefnu og skólanámskrár með að komu allra aðila skólasamfélagsins og faglegri forystu skólameistara.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Er í farvegi og verður í farvegi áfram. Mikilvægt að ríki og KÍ komist að niðurstöðu um nýja skilgreiningu á vinnutíma kennara.
Ljúki fyrir:	Engin tímasetning
Tengsl við markmið í skólasamningi	Í samræmi við meginmarkmið 3 í skólasamningi
Tillögur úttektaraðila:	2. Markviss endurmenntun starfsfólks og gerð símenntunar- og starfsþróunaráætlunar fyrir alla starfsmenn. Horft verði enn frekar til nýrra miðla í því skyni þar sem þar sem aðgangur kennara að endurmenntun getur verið erfiður sökum staðsetningar skólans.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Endur- og símenntun með skemmra og lengra námi, sérstaklega kennara og stjórnenda hefur verið mikil gegnum tíðina. Allir starfsmenn hafa, að auki, sótt og tekið þátt í námskeiðum á vegum skólans, en þar má t.d. nefna tölvunámskeið og öryggisnámskeið.</p> <p>Það má segja að ytri hvati til endurmenntunar geti verið með þrennum hætti:</p> <ul style="list-style-type: none">- starfsmaður er hvattur til að sækja sér endurmenntun og bent á kjarasamningsbundinn tíma sem til þessar er ætlaður árlega.- starfsmanni er umbunað í stofnanasamningi fyrir að sækja sér endurmenntun, en það er gert nú þegar í ML.- starfsmanni er gert að sækja sér endur- eða viðbótarmenntun í þann tíma á hverju ári sem til þess er ætlaður í kjarasamningi. Þetta má svo útfæra í sameiningu. <p>Auðvitað má ekki líta framhjá mikilvægasta hvatanum; þeim sem kemur að innan:</p> <ul style="list-style-type: none">- starfsmaður nýtir þann tíma sem ætlaður er skv. kjarasamningi til endurmenntunar, í þeim tilgangi að efla fagmennsku sína. <p>Í lok haustannar 2014 liggja fyrir með hvaða hætti starfsmenn sækja sér endurmenntun og hvaða hvatar eru nýttir til að efla þennan þátt og viðhalda honum. Það er full ástæða til að taka saman yfirlit yfir þá endur- og símenntun sem starfsmenn hafa sótt sér. Því er beint til sjálfsmatsnefndar að hún kanni þetta meðal starfsmanna: hvaða nám/námskeið, námskeiðs- /námslengd og mat á mikilvægi náms eða námskeiðs.</p>
Ljúki fyrir:	20. desember, 2014
Tengsl við markmið í skólasamningi	Í samræmi við Meginmarkmið 5, þar sem stefnt er að því að 50% starfsmanna sækji sér endur- og/eða símenntun sem nýtist í starfi, frá og með haustönn 2013

Tillögur úttektaraðila:	3. Vegna smæðarskólans og fárra kennara í hverju fagi gæti verið mikill ávinningur fyrir skólann að taka þátt í fleiri þróunarverkefnum er varða nám og kennslu.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Svo sem er um flesta framhaldsskóla er ekki gert ráð fyrir því innan þess fjárhagsramma sem skólinn er settur, að um sé að ræða mikinn tíma eða fjármagn til þróunarverkefna í námi og kennslu. Slík verkefni eru þó stöðugt í gangi og ýmsir kennarar hafa verið og eru duglegir við að prófa sig áfram eftir nýjum leiðum í kennslu og námsmati, ásamt því sem stór hluti þeirra hefur verið virkur þátttakandi í starfendarannsóknum skólans, þar sem lögð er áhersla á að skoða sjálfan sig sem fagmann og deila reynslu.</p> <p>Áfram haldið á sömu braut, en því vísað til sjálfsmatsnefndar að kanna meðal kennara, umfang þeirra þróunarverkefna, formlegra og óformlegra, sem þeir hafa verið og eru að vinna að.</p>
Ljúki fyrir:	1. maí 2014
Tengsl við markmið í skólasamningi	<p>Meginmarkmið 2, gerir ráð fyrir úttekt á samningstímanum, á breytingum á námsmatsaðferðum.</p> <p>Meginmarkmið 3 fjallar um endurkoðun brautaframboðs og brautlýsinga.</p> <p>Meginmarkmið 4 gerir ráð fyrir að kennarar verði virkjaðir til stefnumótunar um brauta- og áfangaframboð í samræmi við nýja aðalnámskrá.</p> <p>Meginmarkmið 5 gerir ráð fyrir að starfendarannsóknir verði reglubundinn þáttur í starfi kennara.</p> <p>Meginmarkmið 6 fjallar um innleiðingu á Office 365 í flesta þætti skólastarfsins.</p>

Tillögur úttektaraðila:	4. Gera þarf formlegri áætlun um móttöku nýrra starfsmanna.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Nú þegar er áætlun um móttöku nýrra starfsmanna fyrir hendi, en má þó hugsanlega vera formfastari.</p> <p>Formleg áætlun um móttöku nýrra starfsmanna verður unnin, með því að uppfæra starfsmannahandbók og vinnuferla fyrir haustið 2014</p>
Ljúki fyrir:	1. ágúst 2014
Tengsl við markmið í skólasamningi	<p>Meginmarkmið 5 fjallar um líðan starfsmanna í starfi. Móttaka nýrra starfsmanna hlýtur að fela í sér að henni sé hagað þannig, að það starfsumhverfi sem mætir nýjum starfsmönnum bjóði þá velkomna og þeir finni til öryggis á nýjum vinnustað.</p>

Tillögur úttektaraðila:	5. Allir starfsmenn fari í starfsmannasamtöl og þeim verði skipt niður á alla stjórnendur skólans.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Starfsmannasamtöl, bæði formleg og óformleg, hafa verið hluti af starfsemi skólans en mættu klárlega vera tíðari og formlegri. Fyrir utan það sem fram kom í samtölum meðan á úttektinni stóð, tímaskort, má ef til vill segja að stjórnendur hafi litið svo á að mikilvægi þeirra samskipta sem eiga sér stað milli stjórnenda og annars starfsfólks á fremur fámennu vinnustað á hverjum degi, sé meira en náist fram með formlegum hætti. Framundan er að skipuleggja starfsmannasamtöl til vors 2013. Samtölin deilast á 4 stjórnendur skólans og taka mið af eðli starfs hvers og eins bæði að því er varðar umfang og innihald.
Ljúki fyrir:	15. júní 2014
Tengsl við markmið í skólasamningi	Samkvæmt meginmarkmiði 5 er gert ráð fyrir að frá hausti 2013 verði starfsmannasamtöl gerð að föstum lið í starfi stjórnenda.

Tillögur úttektaraðila:	6. Leitast verði við að jafna hlut kynja í stjórnun eftir því sem hægt er sbr. jafnréttislög.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Ekki verður hægt að ná neinu jafnvægi í þetta fyrr en þeir karlar sem nú gegna þeim 4 stjórnunarstöðum sem um er að ræða láta af störfum og auglýst verður eftir nýjum stjórnendum.
Ljúki fyrir:	Óákveðið
Tengsl við markmið í skólasamningi	Ekki er vikið að þessum þætti beint í skólasamningi, er einkunnarorð skólans - MANNGILDI, ÞEKING, ATORKA – fela hins vegar í sér hugsum sem gerir ráð fyrir að þeir þættir séu, Þ ÖLLU JÖFNU, fremur til skoðunar en aðrir.

Tillögur úttektaraðila:	7. Nýta mætti í auknum mæli nýja miðla í náminu enda læsi á upplýsingar og það að geta nýtt sér margvíslega tækni í þekkingarleit grunnþættir og lykilhæfni í aðalnámskrá.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Þetta er sífellt að aukast hjá kennurum með nýrri og bættri tækni. Það er mikil þróun í þessum þætti og búin að vera lengi. Það er og hefur verið stefna skólans að auka fjölbreytni og tækninotkun í námi og kennslu. Þessum þætti hefur verið vel sinnt og er með hverju misserinu „í auknum mæli“!
Ljúki fyrir:	Engin tímasetning
Tengsl við markmið í skólasamningi	Skólinn telst vel búinn í tæknilegu tilliti og stefna hans hefur verið og er að sjá til þess að tækniumhverfi starfsmanna og nemenda sé fyllilega samkeppnisfært. Meginmarkmið 6 fjallar um innleiðingu Office365 og stofnanasamningur gerir ráð fyrir styrk til kennara til tölvukaupa, sem nýttast í starfi. Á sama tíma er það stefna skólans að halda útgjöldum innan þess ramma sem settur er. Meginmarkmið 5, um líðan starfsmanna, gerir ráð fyrir endur- og símenntun, sem þá ætti ekki síst að beinast að nútímalegum kennsluháttum.

Tillögur úttektaraðila:	8. Kannað verði nánar hvernig nemendur ML eru undirbúnir fyrir háskólanám sbr. stefnu skólans. Gera þarf áætlun um hvernig nemendur eru sem best undirbúnir til að takast á við að standa á eigin fótum í háskólaumhverfi.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Sjálfsmatsnefnd kannar árlega hvar 5 ára stúdentar eru staddir í námi og lífi. Í samantekt úr 5 árlegum könnunum meðal stúdenta sem útskifuðust frá skólanum árin 2001-5 kom fram að 84% höfðu lokið (37%), eða voru í frekara námi (47%). Nú er það rætt innan sjálfsmatsnefndar að gera samskonar kannanir meðal 2ja ára stúdenta til að fá upplýsingar sem eru nýrri og geta þá e.t.v. til vill nýst betur í starfi skólans nú.
Ljúki fyrir:	Engin tímasetning
Tengsl við markmið í skólasamningi	Meginmarkmið 7 gerir ráð fyrir framhaldi á könnunum meðal 5 ára stúdenta, eins og verið hefur undanfarin allmörg ár.

Tillögur úttektaraðila:	9. Rýna þarf betur í tölur um einelti og uppbyggingu kannana þar að lútandi.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Skólinn leggur reglulega kannanir af ýmsu tagi fyrir nemendur, og finnst nú ýmsum nóg um. Utanaðkomandi kannanir sem hafa gert kleift að bera skólann saman við aðra skóla (R&G og nú Framhaldsskólapúlsinn) og kannanir sem sjálfsmatsnefnd hefur lagt fyrir nemendur. Nýlega var lögð könnun fyrir nemendur þar sem m.a. var spurt um einelti (til þessa er greinilega vísað með tillögunni). Þar komu fram vísbendingar um að það væri til staðar einelti, en ljóst þótti, að spurningar sem að því lutu tóku ekki mið af tilteknum tíma og því erfitt að drag miklar ályktanir af niðurstöðunum. Sjálfsmatsnefnd hefur á þrjónunum að endurtaka spurningar um einelti í næstu könnun sem hún leggur fyrir nemendur.
Ljúki fyrir:	31. maí, 2014
Tengsl við markmið í skólasamningi	Meginmarkmið 1 fjallar um ýmsa þætti sem, ef þeir eru ekki í lagi, geta stuðlað að vanlíðan og einelti. Ekki er fjallað beinlínis um einelti í skólasamningnum, enda á þess í raun ekki að þurfa.

Tillögur úttektaraðila:	10. Kannað verði betur hvort mötuneyti stenst markmið verkefnisins Heilsueflandi skóli.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Mötuneyti í framhaldsskóla verður væntanlega seint með þeim hætti að allir séu alltaf sáttir. Það er auðvelt skotmark fyrir misvel ígrundaðar athugasemdir. Fyrir lok haustannar 2013 verði fenginn óháður aðili til að taka út starfsemi mötuneytisins, matinn sem nemendum stendur til boða, aðstöðu og vinnu starfsfólks.
Ljúki fyrir:	20. des. 2013
Tengsl við markmið í skólasamningi	Það er ekki vikið beinum orðum að mötuneytisstarfseminni í skólasamningi, en þarna er um að ræða þátt sem er samofinn afskaplega mörgu í lífi nemenda og starfsfólks. Í b. lið, Skólabrag, er vísað til þess að nemendur sem eru á heimavist séu í fullu fæði.

Tillögur úttektaraðila:	11. Auka ætti samstarf við grunnskóla, framhaldsskóla og Háskóla Íslands.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Samstarf skólastiga á Suðurlandi eykst jafnt og þétt. Í ML er ekki horft sérstaklega til grunnskóla og háskóla á Laugarvatni, heldur til grunnskóla á Suðurlandi almennt og svo og þeirra grunnskóla sem eru baklönd skólans. Eins er horft til háskóla hérlendis almennt. Samstarf framhaldsskóla, sérstaklega á Suðurlandi, má hinsvegar aukast og er nærtækast að horfa til FSu, FÍV og FAS í því sambandi. Ef svo er átt við HÍ á Laugarvatni sérstaklega er nú þegar samstarf s.s. hvað húsnæði varðar en auka má aðkomu ÍHÍ að nemendahópum ML sem rannsóknarþýði. Unnið verður í þessum málum samhliða innleiðingu nýrrar námskrár.
Ljúki fyrir:	1. ágúst, 2015
Tengsl við markmið í skólasamningi	Meginmarkmið 7 fjallar um samstarf og tengsl. Þar er greint frá hvernig þessu er háttað í skólanum.

Tillögur úttektaraðila:	12. Kanna þarf hvort Háskóli Íslands muni starfa áfram á Laugarvatni og gera markvissa áætlun í framhaldi um aðgerðir hvort sem HÍ verður áfram á svæðinu eða ekki.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Það er ekkert sem bendir til annars en að Íþróttافرæðasetur Háskóla Íslands verði áfram á Laugarvatni. Hvað samstarf við háskóla varðar er HÍ á Laugarvatni í sömu stöðu og aðrir háskólar í landinu gagnvart ML.
Ljúki fyrir:	Engin tímasetning
Tengsl við markmið í skólasamningi	Ekki er vikið að þessum þætti í skólasamningi.

**B. Úttektarskýrsla á starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni -
teknar fyrir nokkrar athugasemdir og tillögur í samantekt eftir hvern kafla,
og viðbrögð ásamt áætlun um úrbætur ef því er að skipta.**

Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	1. Athygli vekur hve hátt hlutfall nemenda kýs að dvelja á heimavist
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Hér gætir misskilnings á því hversvegna ML er heimavistaraskóli. Stór hluti nemendanna velur skólann VEGNA þess að hann er heimavistaraskóli, en ekki ÞRÁTT FYRIR það. Hluti nemendanna hefur ekki ökuréttindi og getur því ekki ekið milli skóla og heimilis daglega. Framhaldið er að halda því á lofti að dvöl á heimavist er harla góður kostur fyrir ungt fólk.
Ljúki fyrir:	Engin tímasetning

Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	2. Auka námsval nemenda með því að auka nemendafjölda og stækka skólahúsnæði og heimavist.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	Skipulag skólans, fjármagn sem honum er úthlutað og nemendafjöldi, takmarka talsvert möguleika hans til fjölbreytts námsvals umfram það sem nú er í boði. Þó er vissulega ástæða til að leita áfram leiða til að auka fjölbreytni og leita á ný mið. Húsnæðismál skólans eru stöðugt í skoðun og framundan er að meta þessa þörf með starfsmönnum og nemendum Fyrir haustið 2015 liggur fyrir stefnumótun skólans um nám og námsframboð. Á síðasta skólaári (2012-13) var ákveðið að skólaárið 2013-14 fari fram, meðal starfsmanna, nemenda og annarra mikilvægra hagsmunaaðil, mat á húsnæðisþörf skólans til framtíðar.
Ljúki fyrir:	1. ágúst 2015

Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	3. Ráðgast sé við nemendur þegar ákvarðanir sem tengjast hag þeirra eru teknar sbr. aðalnámskrá framhaldsskóla.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Vissulega eru haldnir fundir með stjórn Nemendafélagsins Mímis nokkrum sinnum á hverjum vetri þar sem einmitt þessi mál eru rædd, en þó frekar með aðaláherslu á þá þætti sem lúta að félags- og heimavistarlífinu.</p> <p>Fulltrúar nemenda eiga sæti í mörgum nefndum innan skólans og hafa þar auðvelda aðkomu að flestum málum sem snerta þá, en skiljanlega eru þeir mis duglegir að koma sínum sjónarmiðum þar á framfæri.</p> <p>Sem dæmi um nefndir og ráð sem þeir eiga fulltrúa í eru: Skólaráð, 2 fltr. Sjálfsmatsnefnd, 2 fltr. MötuneytISRáð, 2 fltr. Stýrihópur Heilsueflandi framhaldsskóli, 2 fltr. Umhverfisnefnd/grænfánaverkefni, 4 fltr. Skólanefnd, 1 fltr (málfrelsi og tillögurétt)</p> <p>Unnin verði samanekt á því hvernig aðkomu nemenda að hinum ýmsu þáttum í skólastarfinu og þáttum sem lúta að dvöl á heimavist og félagslífi, er háttað. Fyrir lok haustannar liggi fyrir niðurstaða verksins og ákvarðani um þau skref sem tekin verða í framhaldi að henni.</p>
Ljúki fyrir:	1. maí, 2014

Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	4. Virkja nemendur betur í námskrárvinnunni
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Það er auðvitað einfalt að setja fram svona nokkuð, án þess að þurfa að gera grein fyrir hvað felst í því að „virkja nemendur betur“</p> <p>Að sjálfsögðu verður leitað til nemenda á þeim tíma sem um er að ræða, og þá aðallega til stjórnar nemendafélagsins. Hvaða þættir verða teknir fyrir þar ræðst af eðli þeirra málefna sem talin eru geta betri með aðkomu nemenda.</p>
Ljúki fyrir:	1. ágúst, 2015

Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	5. Nemendafélagið virkara: meiri fjölbreytni þannig að allir finni eitthvað við sitt hæfi.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Þetta málefni er stöðugt til umræðu milli stjórnar skólans og stjórnar nemendafélagsins. Það er hinsvegar rík tilhneiging hjá stórum hópi unglunga á þeim aldri sem hér er um að ræða, að nýta þann tíma sem kalla má frístundir, til þess að sitja yfir undrum internetsins eða leikjum af ýmsu tagi, sem fara fram inni í sýndarheiminum sem tölvan veitir aðgang að. Þetta er ekki málefni sem af sanngirni er hægt að ætlast til að skólinn taki á umfram það sem samfélagið í heild gerir. Þetta er samt stöðugt verkefni. Bæði nemendafélagið og stjórnin vinna að því að auka félagslega þátttöku nemenda og hér er nokkur dæmi af handahófi um slíkt: Netlaus vika, spilakvöld, kvikmyndasýningar, beinar útsendingar frá íþróttaleikjum, fastir íþróttatímar í íþróttahúsi, bekkjamót í ýmsum íþróttum, bekkjakvöld, kaffihúsakvöld og svo má lengi telja.</p> <p>Þetta mál verður tekið upp við stjórn Mímis og áfram leitað leiða til að draga nemendur úr herbergjum sínum.</p>
Ljúki fyrir:	1. feb., 2014
Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	6. Ekki hefur verið mótuð stefna um kennsluhætti út frá nýrri aðalanámskrá sem brýnt er að ljúka.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Þessum þætti er vísað til vinnu að stefnumótun í samræmi við nýja námskrá.</p> <p>Stefnumótun um nýja kennsluhætti verður sett fram samhliða innleiðingu nýrrar námskrár.</p>
Ljúki fyrir:	1. ágúst, 2015
Athugasemdir/Tillögur úttektaraðila:	7. Nemendur, sem ekki finna sig í þeim atburðum sem nemendafélagið stendur fyrir, snúa sér frekar að tölvuleikjum og einangrast þess vegna. Úttektaraðilar telja að skoða mætti markvisst hversu stórt þetta vandamál er með úrbætur í huga
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Það er eðlilegt að sjálfsmatsnefnd hugi að því að skoða tölvunotkun „markvisst“, en það, út af fyrir sig, mun líklega ekki leiða til lausnar. Að skoða eitthvað með úrbætur í huga, felur væntanlega í sér þá forsendu að úrbætur séu æskilegar og að tölvunotkun geti orðið of mikil. Þar með þarf að skilgreina einhver mörk þarna á milli. Það má, með rökum, gera ráð fyrir að tölvunotkun nemenda í þessum skóla sé ekki með öðrum hætti en meðal unglunga í landinu almennt og jafnvel á Vesturlöndum. Það hlýtur að vera verkefni samfélagsins í heild sinni, ef það telur ástæðu til, að breyta félagslegri hegðun af þessu tagi.</p> <p>Fjallað um málið við stjórn nemendafélagsins – sjá 7. lið</p>
Ljúki fyrir:	1. feb., 2014

Athugasemdir/Tillögur úttektaaðila:	8. Styrkja skólabrag enn frekar: aðkoma nemenda verði enn meiri að ýmsum málum sbr. lög um framhaldsskóla og grunnþætti menntunar sbr. aðalnámskrá.
Viðbrögð og áætlun um úrbætur.	<p>Það er fullt efni til að taka saman á einn stað upplýsingar um alla þá aðkomu nemenda sem nú þegar er fyrir hendi að málefnum sem snerta skólastarfið, heimavistarlífið og umgjörðina sem þeir búa við að öðru leyti á staðnum.</p> <p>Tekin verður saman skýrsla um bein og óbein áhrif nemenda á líf og starf í ML</p>
Ljúki fyrir:	1. feb., 2014